

Rannsóknarrétturinn

Eftir Þóris S. Gröndal



Þóris S. Gröndal

Landar hér um slóðir hafa þungar áhyggjur af ástandinu á gamla ættlandinu. Þeir sitja við tölvurnar og lesa færibandafréttir miðlanna á Íslandi. Hver nýr dagur færir ný vond tíðindi. Þetta gæti orðið svo slæmt, að fólk hafi ekki lengur

efni á að kaupa egg til að henda í Alþingishúsið. Það er náttúrulega skammarlegt, að það skuli vera svona tilfinningarlegur skortur á grjóti. Sagt hefir verið frá því, að einhverjir borgarar hafi orðið að rífa upp gangstéttarhellur til að varpa í þinghúsið. Það er ekki bjóðandi að leggja slíkt erfiði á fólk.

Einhver stakk upp á því, að fjárfsonun yrði hafin hér í Flórída til að styrkja eggjakaup á Fróni, svo fólk geti haldið áfram mótmælum sínum. Annar taldi það óráð. Frekar væri að fá einhverja unga at-hafnamenn heima til þess að safna fjörugrjóti af hæfilegri stærð, sem notað yrði í stað eggjanna. Gætu þeir sett grjótið í plastpoka (eins og tveggja kílóa) og þeim yrði síðan úthlutað til þurfa. Aðrir gætu borgað og myndi það koma á móti kostnaði.

Fréttirnar frá Íslandinu koma miklu róti á hugann. Það er varla hægt annað en að vorkenna vesalings þingmönnum. Þeir virðast ekki í miklu uppáhaldi hjá landsins lýð, þótt þeir hafi verið kosnir í löglegri kosningu. Það er ekki þeim að kenna, að hver höndin skuli vera uppi á móti annarri í þingsölum. Benda þeir réttilega á, að það sé einungis spegilmynd af hugar-ástandi þjóðarinnar. Og hvernig geta þeir annars einbeitt sér að því að leysa málin, þegar fólk hefur safnast sífellt saman fyrir utan vinnustaðinn, ber bumbur, kveikir bál, hendir eggjum og öðru, brýtur rúður, skemmir ráðherrabíla og eys úr sér ókvæðisorðum, oft klámyrðum á enskri tungu? Er annars ekkert klám-blót til á móðurmálinu?

Stærsti hluti þjóðarinnar tók þátt í góðærisfylleríni sem endaði með hruninu. Nú vilja menn áfella þá, sem gáfu þeim vínið, sem meirihlutinn þáði með þökkum og teygðu af áfergu. Og í ljós hefir komið, að íslensku forsprakkarnir borguðu aldrei fyrir allt þetta vín, heldur sviku það út eða fengu að láni. Skiljanlega eru útlensku vín-salarnir reiðir, enda um að ræða trilljónir flaskna. Og þjóðar-timburmennin eru slæm.

Í annarri hvorri frétt frá gamla landinu, ber fyrir orðið rannsókn. Aðalúræðið til að róa lýðinn er að tilkynna nýja rannsókn. Það er erf-

itt að henda reiður á því, hver er að rannsaka hvað um hvern. Ríkið bætir stöðugt fólki í deildir rannsóknarmanna. Bráðum verður líklega stofnuð hrun-rannsóknardeild við Háskólann.

Hvernig væri að sameina allar þessar rannsóknir og setja þær undir einn hatt? Nei, við myndum ekki kalla apparatið „Rannsóknarstofan“. Nafnið verður „Rannsóknarrétturinn“, alveg eins og á Spáni fyrr um daga, sem allir lærðu um í manngynsögunni. En við skulum sleppa brennunum og láta nægja að tendra þær um áramót, eins og verið hefir. Í réttinn verður valið fólk úr öllum stéttum, en samt engir stjórnmálamenn. Ekki heldur hæstaréttardómarar; þeir hafa fullt í fangi með öll nauðgunarmálin. Bara til að sýna tengslin við Spán og kaþólikkana, og til að skjóta skelk í bringu tilvonandi fórnarlamba, yrði valinn einn prestur úr Landakoti. Upp á það yrði vel passað, að helmingur rannsóknar-dómaranna yrði af kvenkyninu.

Rétturinn myndi bæði rannsaka og dæma í málunum. Allt fyrir opnum dýrum og bezt að nota Laugardalshöllina, svo fólk geti komið of fylgst með framvindunni. Fyrir réttinn yrðu dregnir útrásarmenn, bankastjórar, embættismenn og jafnvel ráðherrar. Fangelsisvist og fésektir yrðu aðalrefsingarnar, en jafnvel kæmi til greina að nota útleð, eins og gert var í fornöld. Hængurinn er bara sá, að flestir útrásaraularnir („víkingar“ er of gott orð) búa núna í útlöndum. Á þá mætti kannske nota innleð, þ.e. dæma þá til að búa á ættlandinu góða, innan um bálreiðan landslýðinn.

En við erum að ræða um fjölda manna, sem rannsakaðir yrðu og dæmdir. Fangelsispláss er af skornum skammti, eins og kunnugt er. Þökk sé Schengen og EES og öllum Austur-Evrópu-fagglæponunum. sem iðkað hafa iðn sína á saklausu, litla Íslandi. Það er líka nokkuð grimmt, að láta hrusakamennina dýsa með þessum lýð á Litla-Hrauninu. Þótt þeir hafi steypt landinu í þennan vanda má ekki gleyma, að þeir komu Íslandi á kortið. Umheimurinn fór ekki að taka mark á Íslendingum, fyrr en útrásarkapparnir og bankasníllingarnir komu við pyngjuna á útlendingnum. Við verðum að sýna þessum nýju tugthúslimum smá virðingu.

Á Bessastöðum voru í eina tíð geymdir sakamenn í dýflissu. Hvernig væri að innréta staðinn sem fangelsi að nýju? Það ætti að

» Á Bessastöðum voru í eina tíð geymdir sakamenn í dýflissu. Hvernig væri að innréta staðinn sem fangelsi að nýju?

vera nóg pláss og forsetinn þyrfti ekki endilega að flytja út. Hann gæti verið eins konar yfirfangavörður, enda er hann líklega málkunnugur mörgum af væntanlegum föngum. Ímyndum okkur, að verið væri að ræða um forsprakka efnahagsblöðrunnar: „Hvar er hann aftur, hann Sigurfinnur Einreksson, bankastjórnarmaður? Á Litla-Hrauni?“ „Ertu frá þér, maður. Hann er á Bessastöðum!“

Höfundur er afdankaður fisksali í Flórída.

BRIDS

Umsjón Arnór G. Ragnarsson | norir@mbl.is

Grant Thornton	1184
Garðs Apótek	1157
SFG	1146
Riddararnir	1116

Sveit Hrunar Einarsdóttur Íslandsmeistari

Íslandsmótið í parasveitakeppni fór fram um helgina. Sveit Hrunar Einarsdóttur sigraði af öryggi, tapaði einum leik með minnsta mun, gerði tvö jafntefli en vann aðra leiki. Í sigursveitinni spiluðu ásamt Hrun þau Hrólfrur Hjaltason, Ásgeir Ásbjörnsson og Dröfn Guðmundsdóttir.

Lokastaðan:	
Hrund Einarisdóttir	253
Hjördis Sigurjónsdóttir	233
Esther Jakobsdóttir	217
NA4	213
SB/JP	204
Plastprent	204
Alls tóku 14 sveitir þátt í mótinu.	

Hraðsveitakeppni Bridesfélags Reykjavíkur

Staðan eftir tvær umferðir af þremur: H.F. Verðbréf 1223

„Gamlingjarnir“ efstir á Akureyri

Eftir harða baráttu við sveit Gylfa Pálssonar komust Old Boys á toppinn í hraðsveitakeppni Byrs hjá B.A. Í sigursveitinni spiluðu Pétur Guðjónsson, Stefán Ragnarsson, Hörður Blöndal og Grettir Frímansson.

Efstu sveitir urðu:	
Sveit Old Boys	1797
Sveit Gylfa Pálssonar	1751
Sveit Sagaplast	1685
Sveit Efnamóttökunnar	1640
Næsta mót er svo fjögurra kvöld	
Akureyrarmót í tvímenning.	

Flúðabrids

Nú er fjögurra kvöld keppni í hausttíðningi.

Í efstu sætum urðu:	
Stefán Sævaldss - Vilhj. Vilhjálmss.	514
Magnús Gunnlss. - Pétur - Skarphéðins.	498
Þórdís Bjarnad. - Viðar Gunngeirss.	487
Margrét Runólfssd. - Bjarni H. Ansnes	467
Ásgeir Gestss. Guðm. Böðvarsson	462
Karl Gunnlss. - Jóhannes Sigmunds.	451

Greiðsluáskorun

Innheimtumenn ríkissjóðs skora hér með á gjaldendur eftirtalinna gjalda að gera skil nú þegar eða í síðasta lagi innan 15 daga frá dagsetningu áskorunar þessarar:

Gjöldin eru: Staðgreiðsla tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds sem fallið hefur í eindaga til og með 15. nóvember 2010, virðisaukaskattur sem fallið hefur í eindaga til og með 5. nóvember 2010 og önnur gjaldfallin álögð gjöld og ógreiddar hækkanir er fallið hafa í eindaga til og með 15. nóvember 2010, á staðgreiðslu tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds, virðisaukaskatti, virðisaukaskatti í tolli, vanskilum launagreiðenda á gjöldum í og utan staðgreiðslu, fjármagnstekjuskatti á skilaskylda aðila, áfengisgjaldi, launaskatti, bifreiðagjaldi, úrvinnslugjaldi, olúgjaldi, kílómetragjaldi, viðbótar- og aukaálagningu söluskatts vegna fyrri tímabila, skráningargjaldi vegna lögskráningar sjómanna, vinnueftirlitsgjaldi, vörugjaldi af innlendri framleiðslu, vörugjaldi af ökutækjum, eftirlitsgjöldum, aðflutningsgjöldum, skilagjaldi á umbúðir, fasteignagjöldum, skipulagsgjaldi, skipagjöldum, fisksjúkdómagjaldi, jarðarafgjaldi, sektum skattrannsóknarstjóra, ofgreiddri uppbot á eftirlaun, eftirlitsgjaldi Fjármálaeftirlitsins og álögðum þing- og sveitarsjóðsgjöldum, sem eru:

Tekjuskattur og útsvar ásamt verðbótum á ógreiddan tekjuskatt og útsvar, sérstakur tekjuskattur manna, eignarskattur, sérstakur eignarskattur, fjármagnstekjuskattur, slysatryggingagjald vegna heimilisstarfa, tryggingagjald, búnaðargjald, iðnlánasjóðs- og iðnaðarmálagjald, markaðsgjald, gjald í framkvæmdasjóð aldraðra og skattur af verslunar- og skrifstofuhúsnæði, ofgreiddar barnabætur, ofgreiddar vaxtabætur og útvarpsgjald.

Fjárnáms verður krafist án frekari fyrirvara að þeim tíma liðnum fyrir vangoldnum eftirstöðvum gjaldanna ásamt dráttarvöxtum og öllum kostnaði, sem af innheimtu skuldarinnar kann að leiða, á kostnað gjaldenda. Athygli skal vakin á því að auk óþæginda hefur fjárnám í för með sér verulegan kostnað fyrir gjaldanda. Fjárnámsgjald í ríkissjóð er allt að 19.100 kr. fyrir hvert fjárnám. Þinglýsingargjald er 2.000 kr. og stimpilgjald 1,5% af heildarskuldinni, auk útlagskostnaðar eftir atvikum. Eru gjaldendur hvattir til að gera full skil sem fyrst til að forðast óþægindi og kostnað.

Þá mega þeir gjaldendur, sem skulda staðgreiðslu, staðgreiðslu tryggingagjalds, vörugjald, afdreginn fjármagnstekjuskatt, áfengisgjald og virðisaukaskatt, búast við því að starfsemi þeirra verði stöðvuð án frekari fyrirvara, þeir gjaldendur er skulda bifreiðagjöld og þungaskatt mega eiga von á að skráningarnúmer verði tekin af ökutækjum þeirra án frekari fyrirvara og þeir gjaldendur sem skulda gjöld þar sem lögveð fylgir mega búast við að send verði út sérstök greiðsluáskorun fyrir gjaldföllum kröfum. Greiðsluáskorunin hefur ekki áhrif á þessi innheimtuúrræði þannig að fyrrgreindur 15 daga frestur frá dagsetningu áskorunar þessarar gildir ekki í þessum tilvikum.

Reykjavík, 16. nóvember 2010

Tollstjóri	Sýslumaðurinn í	Sýslumaðurinn á Húsavík
Sýslumaðurinn í Kópavogi	Bolungarvík	Sýslumaðurinn á Seyðisfirði
Sýslumaðurinn í Hafnarfirði	Sýslumaðurinn á	Sýslumaðurinn á Eskifirði
Sýslumaðurinn í Keflavík	Patreksfirði	Sýslumaðurinn á Höfn
Sýslumaðurinn á Akranesi	Sýslumaðurinn á Hólumvík	Sýslumaðurinn í
Sýslumaðurinn í Borgarnesi	Sýslumaðurinn á Siglufirði	Vestmannaeyjum
Sýslumaðurinn í	Sýslumaðurinn á	Sýslumaðurinn á Selfossi
Stykkishólmi	Sauðárkróki	Sýslumaðurinn í Vík
Sýslumaðurinn í Búðardal	Sýslumaðurinn á Blönduósi	Sýslumaðurinn á Hvolsvelli
Sýslumaðurinn á Ísafirði	Sýslumaðurinn á Akureyri	

endur halda tryggð við þennan svikahrapp? Það væri í besta falli heimska.

Ógmundur vill að allir fari að þrjóna lopapeysur, maðurinn sem komst á Alþingi fyrir stöðu sína innan hinnar spilltu verkalýðshreyfingar. Ógmundur talar og talar eins og Steingrímur Jod, en ekkert liggur eftir þá félag. Jóhanna stendur að vísu betur enda vinnur hún enga Morfiskeppni með að staulast í gegn um ræðurnar sem Hrannar B. Arnarsson skrifar fyrir hana. Hún er komin með okkur inn um dýragættina á ESB eins og hún lofaði, með Steingrím Jod undir hendinni. En þar eru líka upptalin þau kosningaloforð sem hún hefur staðið við. Hinir flokkarnir eru ekkert betri, Sív Friðleifsdóttir var næstum jafn-

slæmur heilbrigðisráðherra og Álfheiður, sem er mesti hrokagikkur sem hefur gegnt ráðherraðómi. Um hina flokkana ræði ég síðar.

Það er komið nóg af ruglinu, það er búið að gera aldraða og öryrkja að ölmusufólki, og venjulegt fjölskyldufólk að bónbjargafólki. Við verðum að knýja fram kosningar, kannski er Auður, og hinir duglegu konurnar á tunnunum, með í að taka völdin af þessari duglausu ríkisstjórn, og þú mátt gjarnan vera með, ef þú ert ekki að dröslast áfram með það sem hefur síst inn í Morfiskeppninni, og kastar af þér hlekkjum sálarinnar.

ÓMAR SIGURÐSSON
skipstjóri.